

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 9. nóvember 2015
UST201510-080/B.S.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Búrfellslundur – vindmyllur. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 9. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Um er að ræða að reisa og reka þyrpingu vindmylla svokallaðan vindmyllulund á svæðinu milli Búrfells og Sultartanga. Fjöldi mylla gæti verið frá 58 til 80 allt eftir framleiðslugetu hvernar myllu. Hæð hvernar myllu með spaða í efstu stöðu verður allt að 149 m.

Í skýrslunni er fjallað um two valkosti. Valkostur 1 afmarkast gróflega af Landvegi í austri og Sultartangalínu í vestri.

Valkostur 2 er nokkuð austar en afmörkun Búrfellslundar í matsáætlun. Landvegur liggur nokkurn veginn um mitt svæðið.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er staðsett ofan Búrfells og er nokkuð einsleit breiða gosefna og gróðurlítið. Í greinargerð segir um svæðið: „Á stórum hluta af svæðinu er starfræktur iðnaður til orkunýtingar, þar með taldar Sultartangavirkjun og Búrfellsvirkjun ásamt tilheyrandi flutningsmannvirkjum, vegum, vatnsfarvegum, lónum og stíflumannvirkjum. Á svæðinu hefur verið stunduð orkuvinnsla síðan 1969.“

Áhrif á fugla: Péttleiki varpfugla innan beggja svæða er talinn mjög lágor. Fram kemur í skýrslunni að varpfuglar á svæðinu eru allir algengir og er ekki talið að mikil hætta sé á að varpfuglar fljúgi á vindmyllur. Almennt er talin meiri hætta á að stórir fuglar s.s. gæsir og álftir séu í meiri hætta og þá sérstaklega ef vindmyllur eru reistar í farleiðir þessara fugla. Rannsóknir sem framkvæmdar voru með radar sýna að farleiðir stærri fugla eru vestan við fyrirhuguð framkvæmdasvæði. Niðurstaða rannsókna á áhrifum framkvæmdarinnar á fugla er sú að áflugshætta sé almennt lítil og að reiknuð afföll vegna áflugs teljist í fáeinum tugum einstaklinga. Nokkur munur virðist vera á áflugshættu eftir valkostum og er talið að meiri hætta sé á áflugi ef Búrfellslundur verður reistur skv. valkost 1.

Helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru talin verða neikvæð áhrif á landslag og ásýnd. Áhrifin eru talin bein, neikvæð en afturkræf. Til að framkvæmdir teljist afturkræfar telur Umhverfisstofnun að gera þurfi ráð fyrir að fjarlægja öll ummerki um mannvirkin einnig þau sem eru neðanjarðar s.s. undirstöður og lagnir.

Umhverfisstofnun vill benda á að þau mannvirki sem hér um ræðir eru mjög stór og væntanlega felst eina raunhæfa mótvægiságerðin í annars vegar staðsetningu mannvirkjanna og hins vegar staðsetningu

alfaraleiða þannig að neikvæð áhrif mannvirkjana verði sem minnst. Hér er um að ræða áhrif sem að verulegu leyti eru tengd upplifun þeirra sem um svæðið fara. Því nær sem alfaraleið er þessum mannvirkjum, því sterkari verður upplifun þeirra sem telja mannvirkin falleg og ekki síður hinna sem telja mannvirkin til lýta.

Eins og að ofan segir er fyrirhugað framkvæmdasvæði þegar raskað vegna ýmissa framkvæmda. Þeir vegir sem nú liggja um svæðið eru að líkindum lagðir vegna fyrri framkvæmda og er einungis ætlað að þjóna sem vinnuvegir enda ber lega og bygging veganna þess glögg merki.

Umhverfisstofnun telur að lita eigi til annarra leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum Búrfellslundar. Í því sambandi ætti að reyna að leiða umferð framhjá myllunum í eins mikilli fjarlægð og mögulegt er. Ef framkvæmdinni verður valinn staður skv. valkost 1. ætti að kanna að leggja efsta hluta Landvegar að Valafelli, þannig myndi núverandi Landvegur nýtast sem vinnuvegur og nýr og fallegrí vegur yrði lagður sem félli betur að landi en núverandi vegur.

Ef Búrfellslundur verður reistur skv. valkost 2. ætti að kanna möguleika þess að fára svæðið til vesturs inn á það svæði sem skilgreint var í matsáætlun. Með því móti mætti komast yfir Sultartangaskurð nokkuð austan við lundinn. Einnig mætti skoða að leggja veg sem nýttist ferðamönnum frá núverandi Þjórsárdalsvegi inn á núverandi veg 327 kafla 01 við Búrfellsstöð og að Stöng. Þaðan um veg 327-02 neðan við Hólaskóg og með brekkurótum að Þjórsárdalsvegi neðan við spennistöð Sultartangavirkjunar. Einnig mætti kanna möguleika á því að fára af Þjórsárdalsvegi vestan við núverandi vindmyllur inn á veg 327-02 og þaðan að Þjórsárdalsvegi neðan við spennistöð Sultartangavirkjunar. Á mynd 7.11 má sjá hvernig Búrfellslundur gæti litið út séð frá vegi neðan við Hólaskóg.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að hugað verði vel að staðsetningu Búrfellslundar og möguleikum til að grípa til mótvægisáðgerða þótt á síðari stigum verði. Umburðarlyndi margra hefur á undanförnum árum farið þverrandi þegar um veitumannvirki er að ræða og þá sérstaklega gagnvart háspennulínum. Þetta er svipuð þróun og átt hefur sér stað víða í nálægum löndum s.s. í Danmörku. Á síðustu áratugum hefur í Danmörku orðið ágreiningur um staðsetningu vindmylla og virðist helst vera sátt um vindmyllulundi á hafi úti.

Niðurstaða Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif umræddrar framkvæmdar verði helst vegna beinna og verulega neikvæðra áhrifa á ásýnd og landslag. Vindmyllurnar verða á líftíma sínum mjög áberandi í umhverfinu og munu hafa bein neikvæð áhrif á landslag. Vindmyllurnar munu sjást frá svæðum sem skilgreind eru sem ósnortin víðerni og verður um að ræða bein neikvæð áhrif á upplifun þeirra sem um svæðið fara. Þó mætti að líkindum draga nokkuð úr þessum áhrifum ef hugað verði að viðeigandi mótvægisáðgerðum sem taki mið af stærð og umfangi þessara mannvirkja. Áhrif á ferðamennsku eru tengd upplifun ferðamanna sem að hluta ræðst af sýnileika mannvirkjanna og möguleikum manna til að skoða þessi mannvirki í samanburði við kunnuglega mælikvarða. Talið er að framkvæmdin gæti haft nokkuð neikvæð áhrif á fugla, en um væri að ræða afföll einstaklinga sem myndu ekki hafa áhrif á stofnstærðir viðkomandi tegunda. Áhrif á gróður verða lítil.

Umhverfistofnun telur að vart hafi verið gert betur þegar að því kemur að lýsa sjónrænum áhrifum framkvæmdar en gert er í umræddri skýrslu. Einnig vill stofnunin benda á að rannsóknir á farleiðum fugla og fuglalífi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er með miklum ágætum. Framsetning og túlkun gagna um áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf er einnig einstaklega góð.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

H. Birna Guttormsdóttir
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri